

Grunnur að námsbrautalýsingum

Forsendur og athugasemdir

Vinnuhópurinn sem vann að gerð námskrár í flutningagreinum - vörutækni vildi frekar skila af sér almennum ramma að námsbrautum heldur en að skila inn fullmótuðum tillögum að námsbrautum. Það helgast af því að framhaldsskólar eru á árunum 2013 og 2014 að vinna að því að færa námið inn í nýtt umhverfi nýrrar námskrár. Það að vinna þessar námsbrautir í einhverskonar tómarúmi gamallar og nýrrar námskrár í tveimur framhaldsskólum hefði líklega orðið til þess að það hefði þurft að vinna allt aftur og þá betur í samræmi við stefnu skólanna hvers og eins. Þess vegna eru hér gerðar tillögur að ramma um námsbrautir á fyrsta, öðru og þriðja hæfniprepi. Gert er ráð fyrir að skólarnir aðlagi þessar tillögur og felli þær að því sem gildir um námsbrautir í skólunum hvað varðar kröfur í bóklegum greinum, fjölda eininga og fyrirkomulag.

Valið var að fjalla um námsbrautirnar og störf sem ætlunin er að undirbúa fólk fyrir svo betur sé hægt að sjá við hvað vinnuhópurinn miðar þegar ramma að námsbrautum eru settir upp. Ekki er víst að slíkt verði gert með sama hætti þegar skólar birta brautalýsingar.

Hér eru sýndir ramma að:

Námsbraut í flutningagreinum - vörutækni á fyrsta þrepi. FLBR1

Námsbraut í flutningagreinum - vörutækni á öðru þrepi. FLBR 2

Námsbraut í flutningagreinum - vörutækni til stúdentsprófs, á þriðja þrepi. FLBR 3

Námsbraut í flutningagreinum - vörutækni á fyrsta þrepi. FLBR 1

Markmið námsbrautarinnar eru að nemandi hafi grunnhæfni til að sinna ákveðnum störfum við flutninga, geymslu og afgreiðslu á vörum sem þarf að flytja milli staða og geyma. Til viðbótar við sérhæfða hæfni við meðferð og skráningu vöru koma almenn hæfnimarkmið svo sem um samskipti á vinnustað, að fara eftir fyrirmælum og verklagsreglum, að virða trúnað og bera virðingu fyrir öðrum manneskjum.

Sérstaklega er miðað að nám í flutningagreinum á fyrsta þrepi geti undirbúið fólk fyrir störf við póstburð, póstafræðslu og störf í stórverslunum, vöruhúsum og við hafnarstarfsemi. Einnig við almenn störf þar sem vörur eru geymdar í vöruhúsum eða lagerum. Almenn er litið svo á að á meðan námið er á fyrsta hæfniprepi sé gert ráð fyrir að starfsmenn séu undir stjórn annarra að miklu leyti og beri minniháttar ábyrgð nema á þeim störfum sem viðkomandi sinnir.

Gert er ráð fyrir því að framhaldsskólanám þess sem útskrifast af þessari námsbraut geti verið margvíslegt til viðbótar við almennar greinar og sérgreinar brautarinnar. Þannig er ekki gerð krafa um ákveðna áfanga í sérstökum námsgreinum nema sérgreinum flutningsnámsins. Hér er í raun litið svo á að allt nám sé til gagns fyrir þroska einstaklingsins.

Litið er svo á að ýmsar námsgreinar á öðrum starfsnámsbrautum geti talist sem almennur og nytsamlegur grunnur að námi og starfi í flutningagreinum - vörutækni. Þar má nefna að nám og vinna við vélar getur notast vel við að hirða um og nota flutningatæki. Það að hafa stundað nám og störf við matvæli er líklegt til að auka skilning á vandvirkni við flutning og geymslu matvæla. Þannig getur margvíslegt starfsnám notast vel þótt það sé ekki sérhæfður undirbúningur fyrir störf í flutningum - vörutækni.

Þeir nemendur sem ætla sér að ljúka námi í flutningagreinum á öðru þrepi eða til stúdentsprófs, á þriðja þrepi, þurfa að skoða viðeigandi brautarlýsingar. Lágmarksfjöldi námseininga til að útskrifast af námsbraut í flutningagreinum - vörutækni á fyrsta þrepi eru 60 gamlar einingar (gein). Eðlilegt er að miða við að það séu 90 fein.

Námsgreinar	Áfangar	Fjöldi eininga
Sérgreinar námsbrautar		lágmark 20
Öryggisfræði		1
Skyndihjálp	Ákveðið var að telja ekki upp áfanga.	1
Líkamsbeiting og vinnulag	Varðandi áfanga í sérgreinum vísast í	1 - 2
Bóklegt námskeið til vinnuvélaréttinda	viðauka 4 um áfanga sem eru til í	1
Verklegt nám til vinnuvélaréttinda	mörgum skólum og í viðauka 7 um	1 - 2
Flutningafræði - vörutækni (og viðskiptagr.)	sérgreinar flutningagreina - vörutækni.	lágmark 3
Verknám á vinnustað - 2 áfangar		12
Almennar greinar eða annað starfsnám		40 eða færri
Almennar bóklegar námsgreinar svo sem íslenska, erlend tungumál, stærðfræði, samfélagsgreinar, náttúrufræði, lífsleikni eða annað t.d. af almennri braut.	Einhverjir áfangar, upprifjunar-áfangar úr grunnskólaefni eða samkvæmt námskrá brauta í framhaldsskóla.	Lágmark 15
Íþróttir	Almennar íþróttir samkvæmt námskrá skóla.	Lágmark 4
Starfsnám á öðrum námsbrautum. Eðlilegt er að miða við að nám í grunndeildum ýmissa iðngreina geti talist æskilegur hluti náms í flutningagreinum.	Áfangar samkvæmt námskrá starfsnámsbrauta í framhaldsskóla	0 - 21 eða fleiri
Alls námseiningar að lágmarki (90 fein)		60

Námsbraut í flutningagreinum - vörutækni á öðru þrepi. FLBR 2

Markmið námsbrautarinnar eru að nemandi hafi grunnhæfni til að sinna margvíslegum störfum við flutninga, geymslu og afgreiðslu á vörum sem þarf að flytja milli staða. Til viðbótar við sérhæfða hæfni við meðferð og skráningu vöru koma almenn hæfnimarkmið svo sem um samskipti á vinnustað, að fara eftir fyrirmælum og verklagsreglum, að virða trúnað og bera virðingu fyrir öðrum manneskjum.

Ennfremur er gerð krafa um grunnhæfni í stærðfræði, íslensku og erlendum tungumálum á öðru þrepi. Sérstaklega er miðað að nám í flutningagreinum á öðru þrepi geti undirbúið fólk fyrir margvísleg störf í flutningaþjónustu. Þar má nefna vöruhús, hafnarstarfsemi og pósthjónustu líkt og nám á fyrsta þrepi. Til viðbótar undirbýr nám á öðru þrepi nemendur sérstaklega fyrir störf sem þjónustufulltrúa og við afgreiðslu tollskjala.

Almennt er litið svo á að þegar námið er komið á annað hæfniprep sé verið að undirbúa starfsmenn til að taka nokkra ábyrgð á því að starfs sjálfstætt og ekki þurfi að hafa sífellda verkstjórn á viðkomandi. Ennfremur á að vera hægt að gera kröfur um bóklega hæfni til að vinna með skjöl og skila af sér skýrslum og slíkum skjölum um meðferð vörunnar.

Gert er ráð fyrir því að framhaldsskólanám þess sem útskrifast af þessari námsbraut geti verið margvíslegt til viðbótar við almennar greinar og sérgreinar brautarinnar. Litið er svo á að ýmsar námsgreinar á öðrum starfsnámsbrautum geti talist sem almennur og nytsamlegur grunnur að námi og starfi í flutningagreinum - vörutækni. Þar má nefna að nám og vinna við vélar getur notast vel við að hirða um og nota flutningatæki. Það að hafa stundað nám og störf við matvæli er líklegt til að auka skilning á vandvirkni við flutning og geymslu matvæla. Þannig getur margvíslegt starfsnám notast vel þótt það sé ekki sérhæfður undirbúningur fyrir störf í flutningum - vörutækni.

Þeir nemendur sem ætla sér að ljúka námi í flutningagreinum til stúdentsprófs, á þriðja þrepi, þurfa að skoða viðeigandi brautarlýsingu.

Lágmarksfjöldi námseininga til að útskrifast af námsbraut í flutningagreinum á öðru þrepi eru 70 gamlar einingar, gein. Eðlilegt er að þetta gætu verið 100 - 110 fein.

Námsgreinar	Áfangar	Fjöldi eininga
Sérgreinar námsbrautar		lágmark 30
Öryggisfræði	Ákveðið var að telja ekki upp	1
Skyndihjálpar	áfangi.	1
Líkamsbeiting og vinnulag	Varðandi áfanga í sérgreinum vísast	1 - 2
Bóklegt námskeið til vinnuvélaréttinda	í viðauka 4 um áfanga sem eru til í	1
Verklegt nám til vinnuvélaréttinda	mörgum skólum og í viðauka 7 um	1 - 2
Flutningafræði og viðskiptagreinar	sérgreinar flutningagreina -	lágmark 12
	vörutækni.	lágmark 12
Verknám á vinnustað		
Almennar greinar/ annað starfsnám		lágmark 40
Almennar bóklegar námsgreinar íslenska, enska, önnur erlend tungumál, stærðfræði, lífsleikni, samfélagsgreinar, náttúrufræði eða annað.	Dæmi um áfanga ÍSL102 202.... ENS 102 202.... ??? STÆ 102 ???	18 - 36 lágmark 4 lágmark 4 lágmark 4 lágmark 4 lágmark 2
	eða samkvæmt námskrá brauta í viðkomandi framhaldsskóla.	0 - 8
Íþróttir	Almennar íþróttir samkvæmt námskrá skóla.	lágmark 4

Starfsnám á öðrum námsbrautum. Eðlilegt er að miða við að nám í grunndeildum ýmissa iðngreina geti talist æskilegur hluti náms í flutningagreinum.	Áfangar samkvæmt námskrá starfsnámsbrauta í framhaldsskóla	0 - 18 eða meira
Alls námseiningar að lágmarki (100 - 110 fein)		70

Námsbraut í flutningagreinum - vörutækni til stúdentsprófs, á þriðja þrepi. FLBR 3

Markmið námsbrautarinnar eru að nemandi hafi viðtæka hæfni til að sinna flestum störfum við flutninga, geymslu og afgreiðslu á vörum sem þarf að flytja milli staða. Hér er þó ekki gerð krafa um mikil réttindi til að stýra flutningatækjum.

Til viðbótar við sérhæfða hæfni við meðferð og skráningu vöru koma almenn hæfnimarkmið svo sem um samskipti á vinnustað, að fara eftir fyrirmælum og verklagsreglum, að virða trúnað og bera virðingu fyrir öðrum manneskjum. Ennfremur er gerð krafa um hæfni í stærðfræði, íslensku og erlendum tungumálum á þriðja þrepi samkvæmt almennum kröfum um stúdentspróf. Gert er ráð fyrir því nemandi sem útskrifast af þessari námsbraut hafi almennan grunn til að stunda háskólanám og sérhæfðan grunn til að stunda störf við flutningastarfsemi og stunda sérhæft nám á háskólastigi í þessum og skyldum greinum. Litið er svo á að ýmsar námsgreinar á bóknáms og starfsnámsbrautum geti talist sem hluti af almennum og nytsamlegum grunni að námi og starfi í flutningagreinum.

Lágmarksfjöldi námseininga til að útskrifast af námsbraut í flutningagreinum - vörutækni til stúdentsprófs eru 140 gamlar einingar, gein eða 200 fein.

Námsgreinar	Áfangar	Fjöldi eininga
Sérgreinar námsbrautar Öryggisfræði og skyndihjálp Líkamsbeiting og vinnulag Bóklegt námskeið til vinnuvélaréttinda Verklegt nám til vinnuvélaréttinda Flutningafræði Viðskiptagreinar. Verknám á vinnustað	Ákveðið var að telja ekki upp áfanga. Varðandi áfanga í sérgreinum vísast í viðauka 4 um áfanga sem eru til í mörgum skólum og í viðauka 7 um sérgreinar flutningagreina - vörutækni. Um áfanga í rekstrar og viðskiptagreinum vísast í námskrá í viðskipta- og verslunargreinum.	lágmark 48 2 1 - 2 1 2 lágmark 9 lágmark 21 lágmark 12
Almennar greinar og / eða annað starfsnám.		lágmark 92
Almennar bóklegar námsgreinar íslenska, enska, önnur erlend tungumál, stærðfræði, lífsleikni, samfélagsgreinar, náttúrufræði eða annað.	Hér er gert ráð fyrir almennum kröfum á stúdentsprófsbrautum. Tölur um lágmark í ákveðnum bóklegum greinum eru nefnd til viðmiðunar. Skólar setja sér nánari reglur um þessar greinar til stúdentsprófs.	57- 84 lágmark 15 lágmark 15 lágmark 12 lágmark 6 lágmark 3 lágmark 6
Íþróttir Starfsnám á öðrum námsbrautum.	Almennar íþróttir samkvæmt námskrá skóla. Áfangar samkvæmt námskrá starfsnámsbrautar í framhaldsskóla	8 0 - 33 eða meira
Alls námseiningar að lágmarki	(200 fein)	140